

ICELANDAIR: MET Í FJÖLDA FARÞEGA, SÆTANÝTINGU OG STUNDVÍSI Í FEBRÚAR

Icelandair flutti 289 þúsund farþega í febrúar 2026, 15% fleiri en í febrúar á síðasta ári. Í mánuðinum voru 42% á leið til Íslands, 21% frá Íslandi, 30% voru tengifarþegar og 7% ferðuðust innanlands. Farþegum á leið til Íslands fjölgaði um 20% og farþegum frá Íslandi um 19%, í takt við áherslur sem félagið hefur lagt á þessa markaði. Sætanyting var 79,9% og stundvísi var 88,9%, 8,4 prósentustigum hærri en í sama mánuði á síðasta ári.

Seldum blokk tímum í leiguflugi fjölgaði um 26% og fraktflutningar, mældir í tonnkilómetrum jukust um 2% á milli ára. Kolefnislosun á hvern tonnkilómetra dróst saman um 4% meðal annars vegna áframhaldandi endurnýjunar flugflota og áherslu á rekstrarumbætur sem miða að bættri eldsneytisnýtingu.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair:

„Það er mjög ánægjulegt að sjá áframhaldandi árangur af áherslum okkar á vöxt yfir vetrartímann og á markaðina til og frá Íslandi. Þetta styður vel við markmið okkar um að draga úr árstíðarsveiflu í rekstrinum og nýta sveigjanleika leiðakerfisins til þess að auka framboð á þeim mörkuðum sem skila mestri framlegð hverju sinni.

Viðskiptavinir hafa tekið vel í vöxt okkar yfir vetrartímann sem endurspeglast í aukinni sætanytingu þrátt fyrir 15% aukningu framboðs á milli ára. Breytt samsetning farþega milli markaða átti stærstan þátt í 10% hækkun í tekjum á farþegakilómetra á milli ára. Við höfum aldrei flutt jafn marga farþega í febrúar en náðum jafnframt metárangri í sætanytingu og stundvísi, þrátt fyrir óvænta röskun á flugi vegna veðurs undir lok mánaðar. Þennan árangur má meðal annars sjá í mikilli ánægju viðskiptavina og er hann skýr vitnisburður um seiglu, fagmennsku og eljusemi starfsfólks Icelandair.“

Nánari upplýsingar

Fjárfestar: Íris Hulda Þórisdóttir, yfirmaður fjárfestatengsla. Netfang: iris@icelandair.is

Fjölmiðlar: Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: asdis@icelandair.is

Viðhengi

[02 Traffic Data](#)